

ÚTHLUTUN UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRÁ

2025



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRÁ



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra

ÚTHLUTUNARNEFND OG FAGRÁÐ

Hlutverk úthlutunarnefndar er að velja þau verkefni sem styrkt verða, á grundvelli faglegs mats og í takt við markmið Sóknaráætlunar Norðurlands eystra. Í úthlutunarnefnd sitja formenn fagráða SSNE eða fulltrúar þeirra, auk þriggja annarra sem skipuð eru á ársþingi SSNE.

FAGRÁÐ ATVINNUÞRÓUNAR OG NÝSKÖPUNAR

Thomas Helmig, formaður fagráðs, Norðurþing
Sigríður Róbertsdóttir, Eyjafjarðarsveit
Preben Jón Pétursson, Akureyrarbær
Sigríður Vigdís Vigfúsdóttir, Fjallabyggð
Guðrún Sigríður Tryggvadóttir, Þingeyjarsveit

FAGRÁÐ MENNINGAR

Hulda Sif Hermannsdóttir, formaður fagráðs, Akureyrarbær
Anita Elefsen, Fjallabyggð
Guðni Bragason, Norðurþing
Kristín Sóley Björnsdóttir, Akureyrarbær
Sigríður Örvarsdóttir, Eyjafjarðarsveit

FAGRÁÐ UMHVERFISMÁLA

Rut Jónsdóttir, formaður fagráðs, Akureyrarbær
Ottó Elíasson, Akureyrarbær
Guðmundur Sigurðsson, Akureyrarbær
Salbjörg Matthíasdóttir, Norðurþing
Arnar Stefánsson, Fjallabyggð

ÚTHLUTUNARNEFND VEGNA 2025

Hilda Jana Gísladóttir, formaður
Thomas Helmig, fulltrúi fagráðs atvinnuþróunar og nýsköpunar
Kristín Sóley Björnsdóttir, fulltrúi fagráðs menningar
Rut Jónsdóttir, fulltrúi fagráðs umhverfismála
Halldóra J. Friðbergadóttir
Arnar Stefánsson

FRÁ FORMANNI ÚTHLUTUNARNEFNDAR

Kæru gestir, styrkhafar og íbúar á Norðurlandi eystra, það er mér heiður að fá að ávarpa ykkur hér í dag á þessari hátíðarstundu.

Í dag úthlutum við um 72,5 milljónum króna til 74 verkefna á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar á Norðurlandi eystra. Markmið sjóðsins er skýrt; að styðja við og efla verkefni á Norðurlandi eystra á sviði atvinnumála, nýsköpunar og menningar. Verkefni sem við höfum trú á að gagnist okkar svæði í þeirri sókn sem við viljum vera í. Við erum nefnilega í sókn, við höfum trú á framtíð svæðisins og við viljum vera þátttakendur í því að skapa hér umhverfi fyrir öflugt atvinnulíf, þar sem nýsköpun fær tækifæri til að þróast og menning blómstrar.

Verkefni 74 sem hljóta styrki hér í dag eru fjölbreytt og hefði nefndin sannarlega viljað hafa tækifæri til að styðja við enn fleiri verkefni, fyrir hærri upphæðir, en 147 umsóknir bárust okkur í ár. Að því sögðu er mikilvægt að muna að það er ekki sjálfsgott að fjármunir fái í verkefni Sóknaráætlunar og er mikilvægt að halda því á lofti hvaða gagn er af þessum fjármunum fyrir okkar svæði, en ríkið leggur fram mest fjármagn í þennan farveg, en einnig sveitarfélög á starfssvæðinu, sem nær frá Siglufirði til Bakkafjarðar.

Á sama tíma og við samgleðjumst með þeim sem fá styrki hér í dag, tel ég mikilvægt að minna okkur öll á þá vegferð sem við erum í. Við erum í ferðalagi sem snýst ekki aðeins um þá styrki sem við veitum hér í dag, heldur um það heildarmarkmið að efla Norðurland eystra sem svæði þar sem eftirsóknarvert er fyrir fjölbreyttan hóp fólks að verja lífinu. Þá stýttist í að ný Sóknaráætlun landshlutans taki gildi, en vil ég benda á að drög að nýrri Sóknaráætlun er að finna í samráðsgátt stjórnvalda og hvet ég ykkur eindregið til að kíkja á drögin og koma með umsagnir um hana ef þið teljið ástæðu til, en sú Sóknaráætlun verður grundvöllur að styrkveitingum Uppbyggingarsjóðs næstu fjögur árin.

Áður en við kynnum styrkhafa þessa árs þá vil ég nýta tækifærið til að þakka starfsfólki SSNE kærlega fyrir þeirra vinnu við kynningarstarf og ráðgjöf og og vil ég þakka sérstaklega þeim Díönu Jóhannsdóttur, Ara Páli Pálssyni fyrir aðstoð við úthlutunarnefnd. Ég vil einnig þakka félögum mínum í úthlutunarnefnd fyrir ánægjulegt samstarf en þau eru Thomas Helmig, Kristín Sóley Björnsdóttir, Rut Jónsdóttir, Halldóra J. Friðbergdóttir og Arnar Þór Stefánsson.



Hilda Jana Gísladóttir
Formaður úthlutunarnefndar

MIKILVÆGI SÓKNARÁÆTLUNAR NORÐURLANDS EYSTRA

Undanfarið ár hefur SSNE unnið að því að taka upp myndbönd þar sem styrkhafar úr Uppbyggingarsjóði kynna verkefni sín og fræða okkur stuttlega um það hvernig styrkurinn nýttist.

Hérna til hliðar má sjá myndband með Kristjáni Haukssyni þar sem hann kynnir fyrir okkur verkefnið Fjarðargangan, Fjarðarhlaupið og Fjarðarhjólíð sem hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði til kynningar og markaðssetningar.



Árið 2024 hlaut Rækta Microfarm styrk til að þróa eiturefnalaugar grænsprettur, sælkerasveppi og hampblóm fyrir Akureyri og nærsamfélagið. Það veitir holla og ferska íslenska vöru allt árið um kring og stuðlar að fæðuöryggi og dregur úr magni innfluttra vara og matarsóunar á Norðurlandi.

Hér til hliðar segir Giacomo einn stofnanda fyrirtæksins okkur frá verkefninu.


Í nyrsta þorpi Íslands, Raufarhöfn, er stærsta útilistaverk landsins. Þar, innan höfuðáttu víðáttunnar og einstakrar birtu, voru haldnir mikilfenglegir tónleikar með íslensku hljómsveitinni Skálmöld. Verkefnið hlaut styrk úr Uppbyggingarsjóði árið 2024 og voru tónleikanir haldnir í geggjuðu veðri í september.

Hér til hliðar segir Nanna, verkefnastjóri okkur frá verkefninu.



TÖLFRÆÐI UMSÓKNA

FJÖLDI UMSÓKNA EFTIR TEGUND



Sótt var um verkefnastyrki á sviði menningar, atvinnuþróunar og nýsköpunar, sem og stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar, samtals að upphæð 267.437.462 kr.

Alls bárust 147 umsóknir.

Umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki á sviði menningar voru 10.

Sótt var um 24.437.462 kr.

Umsóknir um verkefnastyrki á sviði menningar voru 70.

Sótt var um 103.398.682 kr.

Umsóknir um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar voru 67.


Sótt var um 139.576.320 kr.

Alls var því sótt um 267.437.462 kr. fyrir 147 verkefni.

TÖLFRÆÐI STYRKJA

FJÖLDI STYRKJA EFTIR TEGUND

Samtals var úthlutað 72,5 m.kr.



Til úthlutunar úr Uppbyggingarsjóði NE fyrir árið 2025 voru samtals 72,5 m.kr.

Alls voru 74 verkefni styrkt af 147 umsóknum, sem samsvarar 50% árangurshlutfalli.

9 umsóknir af 10 um stofn- og rekstrarstyrki hlutu brautargengi í ár sem samsvarar 90% árangurshlutfalli. Alls var styrkuppþæð 10.008.000 kr.

37 umsóknir af 70 um verkefnastyrki á sviði menningar hlutu brautargengi í ár, sem samsvarar 53% árangurshlutfalli. Alls var styrkuppþæð 32.3886.050 kr.

28 umsóknir af 67 um verkefnastyrki á sviði atvinnuþróunar og nýsköpunar hlutu brautargengi í ár, sem samsvarar 42% árangurshlutfalli. Alls var styrkuppþæð 30.106.000 kr.

STYRKÞEGAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRÁ 2025

ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN



UMSÆKJANDI: AKUREYRARBÆR

VERKEFNI - AFTUR TIL GRÍMSEYJAR (SEINNI HLUTI)
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Hvaða sess hefur Grímsey í huga þeirra sem ferðast um Ísland? Eyjan hefur upp á mikið að bjóða en gleymist stundum þegar ferðast er um landið. Nýjar auglýsingar um aðdráttarafl Grímseyjar verða birtar vorið 2025. Upptökur fóru fram í Grímsey síðla sumars 2024 en nú verður unnið að grípandi skilaboðum og birtingaáætlun í samvinnu við fagfólk á sviði markaðsmála. Markmiðið er að ráðist í viðamikla herferð með góðri dekkun á netmiðlum, auk sjónvarps og auglýsingaskilta við umferðaræðar.

UMSÆKJANDI: MARKAÐSSTOFA NORÐURLANDS

VERKEFNI - BAÐSTAÐIR NORÐURLANDS - MENNINGARARFUR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið er mörkunarvinna fyrir baðstaði Norðurlands. Tækifæri liggja í því að fanga norðlenska baðmenningu með tilliti til uppruna hennar og þróunar í gegnum tíðina. Baðstaðir eru að þróast sem ein helsta afþreying sem tengir saman erlenda gesti og heimafólk. Við höfum lagt af stað í þá vinnu að búa til verkefni sem tengir saman þessa tvo hópa til þess að styðja enn frekar við ferðarþjónustu á svæðinu.

UMSÆKJANDI: RADOSLAW BOLESŁAW DUDZIAK

VERKEFNI - BAKTERÍUR ÚR ÍSLENSKRI NÁTTÚRU OG PLASTNIÐURBROT
UPPHÆÐ STYRKS 400.000 KR.

Flestar plastvörur í daglegri notkun víða um heim innihalda PE og PET plast, s.s. plastflöskur, trefjar fyrir fatnað, ílát og fleira. Talið er að það taki plast nokkur hundruð ár að brotna niður en með notkun örvera er möguleiki að ná niðurbroti á mun skemmri tíma og á umhverfisvænan máta. Það er því eftir miklu að sækjast.

UMSÆKJANDI: ORKEY

VERKEFNI - EFLING LÍFELDSNEYTISFRAMLEIÐSLU Í EYJAFIRÐI
UPPHÆÐ STYRKS 650.000 KR.

Orkey ehf. hefur frá stofnun unnið efnavöru og eldsneyti úr úrgangsfitu og er eitt skýrasta úrgangs hringrásarverkefnið. Söfnun á hráefni er mikilvægur hluti af starfsemi og hefur félagið sýnt mikið frumkvæði í gegnum tíðina á því sviði. Með tilkomu fyrirhugaðs Líforkuvers í Eyjafirði mun framboð fituríks úrgangs aukast umtalsvert. Orkey ætlar sér að vera undir það búin að taka á móti þessum viðbótar fitustraumum og tryggja að unnin séu verðmæti úr hráefninu í héraði.

ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN

UMSÆKJANDI: AMC EHF.

VERKEFNI - FISKILEÐURSÁBURÐUR ÚR ÍSLENSKUM FITUM
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Um er að ræða samstarf milli Nanna Lín og Griðungs. En Nanna Lín teymið er að þróa nýja tegund af leður textíl úr laxaroði. Leðrið er nokkuð frábrugðið hefðbundnu fiskileðri og þarf að bera leðuráburð á Nanna Lín leðrið. Þar nýtist reynsla og þekking Griðungs teymisins vel en Griðungr er að þróa og framleiða krem úr íslenskri nautatólg með góðum árangri. Útkoma samstarfsins er leðuráburður eins og sem best er á kosið úr íslenskum hráefnum og skapar samstarfið störf innan beggja teyma.

UMSÆKJANDI: HRINGVARMÍ EHF.

VERKEFNI - HRINGVARMÍ: FRÁ FRUMGERÐ TIL MVP
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Fyrirtækið Hringvarmi vinnur að þróun á aðferðum til nýtingar glatvarma frá gagnaverum til matvælaframleiðslu. Verkefnið snýr að því að leggja fram frumhönnun á framleiðslueiningum Hringvarma, sem geta nýtt glatvarmann frá gagnaverum og gert „kvöldverð úr gögnum (e. data to dinner)“.

UMSÆKJANDI: QC EHF.

VERKEFNI - QUALITY CONSOLE
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Quality Console er gæðakerfi ætlað fyrirtækjum í matvælaframleiðslu. Kerfið er hannað til að draga úr sóun og auka nýtingu, koma betra skipulagi á gæðahandbækur framleiðslufyrirtækja og gera utanumhald auðveldara, minnka eða hætta notkun á pappír við gæðaeftirlit, gera úttektir notendavænni og sjálfbærari, ásamt því að koma gögnum á stafrænt form og þar með greina þau með skilvirkari hætti.

UMSÆKJANDI: KATRÍN ÁRNADÓTTIR

VERKEFNI - STOFNUN MARKAÐS- OG SAMSKIPTAFYRIRTÆKISINS KOMPLÍMENTS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið gengur út á að stofna markaðs- og samskiptafyrirtækið KOMPLÍMENT sem sérhæfir sig í því að kynna ný og rótgróin fyrirtæki, verkefni og stofnanir á svæðinu. Starfsfólk KOMPLÍMENTS hefur mikla reynslu og þekkingu á auglýsingagerð (texta og graffík) og í að miðla efninu á viðeigandi hátt til réttra markhópa. Fyrirtækið býður einnig ráðgjöf um samskipti við fjölmiðla, þjálfun stjórnenda og vinnur að stefnumótun með fyrirtækjum og stofnunum (almannatengsl).

UMSÆKJANDI: ÞRÓUNARFÉLAG HRÍSEYJAR

VERKEFNI - UPPLIFUNARFERÐAÞJÓNUSTA OG HÓTELBYGGING Í HRÍSEY
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Þróunarfélag Hríseyjar, ásamt Ferðamálafélagi Hríseyjar, ætlar að þróa upplifunarferðaþjónustu með þjónustuaðilum á svæðinu með það að markmiði að skapa eftirminnilega upplifun fyrir gesti og styrkja rekstrargrundvöll fyrir hótél í Hrísey. Samhliða verður unnin fýsileikagreining og fjárfestakynning fyrir hótélbyggingu í Hrísey.

UMSÆKJANDI: ÍSLANDSPARI EHF.

VERKEFNI - VINNSLA LÍFVIRKRA EFNA ÚR STÓRÞARA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið er rannsóknar- og þróunarverkefni sem miðar að því að kanna fýsileika þess að vinna fucoidan sem hliðarafurð úr vinnslu á Stórþara (*Laminaria hyperborea*). Í stílki stórþara er að finna töluvert magn af fjölsýkrunni fucoidan, sem hefur verið tengd við ýmsa heilsufarslega ávinninga. Í verkefninu verða gerðar efnamælingar á þaranum til að ákvarða magn fucoidans sem þar er til staðar. Að því loknu verða prófaðar mismunandi aðferðir til að draga út fucoidan og athuga hversu góðar heimtur nást.

UMSÆKJANDI: ÞÓRHALLUR SIGURJÓN BJARNASON

VERKEFNI - VISTVÆNN ORKUBERI ÚR HREINUM AUÐLINDUM
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Nýsköpunarfyrirtækið E-Valor ehf. er að þróa afurðavinnslu með einkaleyfisverndaðri tækni sem nýtir raforku, varma og ferskvatn til framleiðslu á vistvænu og hreinu vetni, sem nýtt verður fyrir kolefnisfrí orkuskipti í samgöngum á sjó og landi.

Afurðavinnslan byggir á einkaleyfisvernduðum tæknilausnum sem hafa verið þróaðar í um tuttugu ár. Starfsemi verður skipulögð og byggð upp í samvinnu við opinbera aðila og starfandi fyrirtæki með áherslu á hreinorkuskipti í samgöngum.

UMSÆKJANDI: EYJAFJARÐARSVEIT

VERKEFNI - ATVINNUMESSA Í EYJAFJARÐARSVEIT
UPPHÆÐ STYRKS 2.000.000 KR.

Atvinnumessa í Eyjafjarðarsveit er verkefni sem ætlað er að stuðla að hugmyndaauðgi, virkjun nýrra tækifæra og aukinni atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Á þeim fjölmörgu atvinnumessum sem haldnar verða fá áhugasamir aðilar tækifæri til að kynnast spennandi vörum, verkefnum, þjónustu, tækni eða öðrum nýjungum sem jákvæð áhrif geta haft á atvinnuþróun og nýsköpun.

UMSÆKJANDI: SEA THRU EFH.

VERKEFNI - SEA THRU
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Sea Thru er íslenskt-pólskt samstarfsverkefni um rekjanleikja sjávarafurða í gegnum alla virðiskeðjuna. Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa einstakt forskot vegna lágs kolefnisspors og fullvinnslu á Íslandi. Hins vegar nýtist þetta forskot ekki sem skyldi þar sem neytendur skortir upplýsingar um ferðalag sjávarafurða í gegnum alla virðiskeðjuna, frá veiðum til neytandans. Sea Thru er að þróa skýjalaun sem varpar ljósi á ferðalagið sem gerir neytendum kleift að taka upplýstar ákvarðanir.

UMSÆKJANDI: BALDVIN STEINAR INGIMARSSON

VERKEFNI - SIGLÓ SÍLD
UPPHÆÐ STYRKS 1.516.000 KR.

Baldvin Ingimarsson, ætlar í samstarfi við Síldarminjasafn Íslands, að vinna að hönnun útlits umbúða sérframleiddrar síldar í gjafapakkningu, heimildavinnu og textaskrif fyrir gerð upplýsingabæklings um íslenska síldarævintýrið / Síldarminjasafnið, sem fylgir með í umbúðunum. Varan verður síðan markaðssett á öllum helstu ferðamannastöðum landsins.

UMSÆKJANDI: GRÉTA BERGRÚN JÓHANNESDÓTTIR

VERKEFNI - BYGGÐABRAGUR - VERKFÆRAKISTA UNGA FÓLKSINS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið byggir að mestu á vinnustofu ungmenna, þar sem leidd eru saman ungmennaráð Langanesbyggðar og ungmennaráð Norðurþings. Viðfangsefni vinnustofu eru tvenn. Annars vegar er tekin fyrir skýrsla Rannsóknarseturs í byggða- og sveitarstjórnarmálum sem er Byggðabragur: Verkfærakista fyrir sveitarfélög, er varðar jákvæðan byggðabrag. Seinna viðfangsefnið er slúður og samfélagsmiðlaumræða, og hvernig má vinna með það í okkar samfélögum. Afurð er verkfærakista unga fólksins um jákvæðan byggðabrag.

UMSÆKJANDI: ITRACK EFH.

VERKEFNI - LIFETRACK HEILSUAPPIÐ - ÚTGÁFA TVÖ
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

iTrack hefur hlotið styrk til að þróa útgáfu tvö af LifeTrack heilsuappinu, sem mun styðja einstaklinga við að fylgja réttu hlutfalli næringarefna í takt við persónuleg markmið og stuðla að bættri líkamlegri og andlegri heilsu. Í nýju útgáfunni verður innleidd gervigreind og þjónustan aukin til að tryggja betri upplifun fyrir notendur. Markmiðið með LifeTrack heilsuappinu er að gera bætta heilsu aðgengilega með ódýrum hætti fyrir öll.

ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN

UMSÆKJANDI: BJÖRN MUELLER

VERKEFNI - TRJÁBÁS

UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Trjábás snýr að því að hanna, þróa og smíða frumgerð af útihúsgagnalínu úr rekavið. Með því er verið að skapa atvinnutækifæri og með umhverfisvænum hætti verið að nýta þann reka sem til fellur á Langanesi.

Við teljum að þörf sé á útihúsgögnum sem þola íslenskt veðurfar og hafa litla sem enga viðhaldsþörf. Markhópurinn okkar eru fyrirtæki sem eru með útisvæði s.s. veitingastaðir, sveitarfélög og einstaklingar. Nafnið Trjábás er dregið frá lítilli vík á Langanesi þar sem reki var nýttur úr.

UMSÆKJANDI: GJÓLA EHF.

VERKEFNI - BREYTTUR TILGANGUR LÝSISTANKA Á RAUFARHÖFN

UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Lýsistankarnir á Raufarhöfn fá nýtt hlutverk; úr lýsistönkum og verða listatankar.

Á sama tíma og unnið er að verklegum framkvæmdum á rýminu, sem hlaut styrk úr stefnumótandi Byggðaáætlun, þarf að vinna að kynningarefni fyrir listatankana og Raufarhöfn með tilstuðlan styrks úr Uppbyggingarsjóði. Nauðsynlegt er að fá verkefnisstjóra til að þrúna hlutanum, þ.e.a.s. að laða að listafólk, sækja um fjármagn til viðburðarhalds, auglýsa viðburði, vinna að kynningar- og markaðsefni efni og fl.

UMSÆKJANDI: STEM ÍSLAND

VERKEFNI - FRAMTÍÐIN ER OKKAR - FRAMTÍÐARFUNDUR FYRIR UNGT FÓLK

UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Framtíðin er okkar - Framtíðarfundir fyrir ungt fólk er verkefni sem býður upp á samtal og valdeflingu ungs fólks á starfssvæði STEM Húsavík um framtíðarstörf og möguleika ungs fólks á að skapa sína eigin framtíð í heimahögum. Í heimi hraðra tæknibreytinga, gervigreindar og þéttbýlisvæðingar er mikilvægt að varpa ljósi á framtíð ungs fólks í dreifbýlum svæðum landsins. STEM Húsavík, fyrsta samfélagsmiðaða STEM námsvistkerfið á Íslandi, býður upp á samtal við ungt fólk um framtíð starfa.

UMSÆKJANDI: HALLDÓRA GUNNARSDÓTTIR

VERKEFNI - FYRIRLESTUR UM HEIMSKAUTSGERÐIÐ/SÖGUGANGA UM RAUFARHÖFN

UPPHÆÐ STYRKS 165.000 KR.

Fyrirhugað er að þróa fyrirlestur og myndræna kynningu um Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og útbúa viðburð með kynningu, fyrirspurnum, umræðum og veitingum. Viðburðurinn endar með því að þátttakendum er fylgt upp í Gerðið og fá þar frekari upplýsingar eftir óskum.

Þetta gæti hentað bæði einstaklingum og hópum, t.d. af skemmtiferðaskipum.

Einnig verður þróuð stutt söguganga um þorpið í sama tilgangi.

UMSÆKJANDI: ÞEKKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - HÖNNUNARÞING

UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Hönnunarþing er hátíð nýsköpunar og hönnunar sem haldin er á Húsavík og í nærsveitum. Árið 2025 verður sérstök áhersla á snertifleti hönnunar og matargerðarlistar. Hingað koma sérfræðingar á sviði matargerðar, nýsköpunar, matvælavísinda og hönnunar til að vera með fjölbreytta viðburði, sýningar, tilraunaeldhús, fræðslu o.fl. Unnið verður sérstaklega með hráefni svæðisins og möguleika þeirra til nýsköpunar í matargerð. Dagskráin verður öllum opin og gestum að kostnaðarlausu.

UMSÆKJANDI: SIGURLÍNA JÓHANNA JÓHANNESDÓTTIR

VERKEFNI - MARKAÐSSETNING OG UPPBYGGING FERÐAÞJÓNUSTU Á SNARTARSTÖÐUM

UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Verkefnið snýr að uppbyggingu ferðaþjónustu á köldu markaðssvæði við Kópasker, markaðs- og kynningarmálum, kynna ósnortna náttúru svæðisins og tækifæri þess til útivistar.

UMSÆKJANDI: CASTOR MIÐLUN EHF.

VERKEFNI - RAFVÆDDUR ÚTSENDINGARBÍLL Á NORÐURLANDI

UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Castor Miðlun mun hanna og smíða sérstakan útsendingarbíl sem staðsettur verður á Norðurlandi. Bíllinn verður búinn nýjustu tækni til upptöku og útsendinga á íprótta- og menningarviðburðum, og sérstaklega búinn með það fyrir augum að gera svokallaða "fjarframleiðslu", þar sem hluti starfslíðs getur verið staðsett hvar sem er í heiminum og tengst beint við bíllinn í gegnum internetið. Bíllinn verður sá fyrsti sinnar tegundar á landinu, og opnar nýja möguleika í dagskrárgerð á Norðurlandi.

ATVINNUPRÓUN OG NÝSKÖPUN

UMSÆKJANDI: SKYNRÓ EHF.

VERKEFNI - SKYNRÓ

UPPHÆÐ STYRKS 775.000 KR.

Skynró – Hannar fatnað fyrir einstaklinga með skynúrvinnsluvanda. Flíkurnar munu sinna ólíkum skynþörfum einstaklinga með aukahlutum sem eru skynörvandi, veita ró og öryggi án þess að vera áberandi.

UMSÆKJANDI: HAFRAFELLSTUNGA EHF.

VERKEFNI - SNÍKJUDÝR Í SAUÐFÉ

UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Hafrafellstunga ehf. rannsakar möguleika á að telja og greina sníkjudýr úr saursýnum til að draga úr lyfjagjöf og gera hana markvissari. Í því ferli munum við nota vel reynt kerfi frá Nýja-Sjálandi. Vonast er til að skapa vinnubrögð og viðskiptamódel sem hægt er að heimfæra á fleiri staði á Íslandi og skapa þannig þjóðkerfi.

UMSÆKJANDI: MÝSKÖPUN EHF.

VERKEFNI - BINDING KOLEFNIS JARÐVARMVIRKJUNAR Í LÍFMASSA ÖRÞÖRUNGA

UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

MýSköpun er nýsköpunarfyrirtæki sem var stofnað 2013 til að efla atvinnulíf í Skútustaðahreppi og finna leiðir til að nýta þær auðlindir sem þar finnast. Sérstaklega hefur verið horft á verkefni sem stuðla að fjölnýtingu jarðvarma í samstarfi við Landsvirkjun. Fyrirtækið hefur unnið að því að einangra örþörungum úr Mývatni og hefur sú vinna skilað þeim árangri að sala mun hefjast á MýSpírulina dufti í byrjun árs 2025.

UMSÆKJANDI: RAGNHILDUR HEMMERT SIGURÐARDÓTTIR

VERKEFNI - JÚGURSMYRSL ÚR JURTAOLÍUM OG GRÆÐANDI PLÖNTUR

UPPHÆÐ STYRKS 1.200.000 KR.

Í verkefninu verða framleiddar prótótýpur af jóguráburði sem unninn er úr jurtum sem öldum saman hafa verið nýttar sem lækningajurtir ásamt öðrum náttúrulegum efnum svo sem jurtaolíum og bývaxi frá íslenskum býflugnabændum. Hráefnin sem eru nýtt verða eru öll hæf til manneldis, ólíkt því jóguráburði sem nú er almennt notað, en það er unnið úr jarðefnaolíu sem er hliðarafurð við hreinsun á bensíni og öðru eldsneyti. Áburðurinn nýtir virk efni úr jurtum sem gætu dregið úr tíðni jógurbólgu.

UMSÆKJANDI: FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

VERKEFNI - MOLTUGERÐ Í FRAMHALDSSKÓLANUM Á LAUGUM

UPPHÆÐ STYRKS 150.000 KR.

Framhaldsskólinn á Laugum mun stíga skref í átt að aukinni sjálfbærni. Skólinn ætlar að taka í notkun moltukassa til auka nýtingu lífræns úrgangs sem fellur til í skólanum. Moltan verður nýtt m.a. þegar útskriftarefni gróðursetja tré. Moltukassinn verður einnig nýttur við kennslu, þar sem nemendur geta nýtt moltuna í ýmsum verkefnum tengdum t.d. kolefnishringrásinni og matarsóun. Þannig stuðlar verkefnið að aukinni umhverfisvitund, auk þess að vera mikilvægur liður í verkefninu Græn skref.

STYRKHAFAR UPPBYGGINGARSJÓÐS NORÐURLANDS EYSTRÁ 2025

MENNING



UMSÆKJANDI: BRYNHILDUR KRISTINSDÓTTIR

VERKEFNI - AÐ VERA VERA
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Í þessu verkefni sameina myndlistarkonan Brynhildur Kristinsdóttir og dansarinn Yuliana Palacios krafta sína í verkinu AÐ VERA VERA, sem fyrst var sýnt á svölum Listasafnsins á Akureyri á 30 ára afmæli þess. Brynhildur og Yuliana ætla að þróa verkið og listformið áfram og sýna afraksturinn á Sumardaginn fyrsta við Leikfangasafnið á Akureyri og Act alone 7. - 9. ágúst 2025 á Suðureyri. Verkin fá að standa á hvorum staðnum í einn mánuð. Auk þess verður búið til video af dans-gjörningum.

UMSÆKJANDI: ESPERANZA Y. PALACIOS FIGUEROA

VERKEFNI - BOREAL SCREENDANCE FESTIVAL 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Boreal er alþjóðleg hátíð tileinkuð dansmyndum sem haldin er á Akureyri. Fyrsta útgáfa hennar fór fram í nóvember 2020 í Mjólkurbúðinni í Listagilinu. Hátíðin skapar sviðspall til kynningar á dansmyndum með markmiðið að skeyta saman inn- og erlendu listafólki, byggja brýr og hvetja til samstarfs. Fimmta útgáfa Boreal verður haldin 31. október - 13. nóvember 2025 í Listasafninu á Akureyri, Deigllunni og Mjólkurbúðinni.

UMSÆKJANDI: SINDRI GEIR ÓSKARSSON

VERKEFNI - GOSPELTÓNLEIKAR Á AKUREYRI
UPPHÆÐ STYRKS 360.000 KR.

Gospelkór Glerárkirkju mun halda tvenna veglega tónleika þar sem framúrskarandi tónlistarfólk af Norðurlandi og úr Reykjavík sameinast í kraftmiklum gospelflutningi. Verkefnið er einstakt á svæðinu, þar sem enginn annar kór á Akureyri flytur rytmíska tónlist af þessu tagi. Söngfólk og söngnemar af svæðinu fá tækifæri til að taka þátt í krefjandi og faglegu tónlistarverkefni sem mun efla fjölbreytni menningarlífs á Norðurlandi.

UMSÆKJANDI: ELÍSBET ÖGN JÓHANNSDÓTTIR

VERKEFNI - HINSEGIN DAGAR Á NORÐURLANDI EYSTRÁ
UPPHÆÐ STYRKS 2.500.000 KR.

Sveitarfélög á Norðurlandi eystra standa fyrir hinsegin daga hátíð dagana 18.-21. júní 2025. Markmið hátíðarinnar er að auka sýnileika LGBTQ+ samfélagsins og byggja upp samfélag sem er opið og öruggt fyrir alla. Hátíðin byggir á því góða starfi sem unnið hefur verið í Hrísey en fyrsta Hinsegin hátíðin í Hrísey var haldin árið 2023. Hátíðin verður unnin í samvinnu samstarfsaðila í landshlutanum.

MENNING

UMSÆKJANDI: MICHAEL JÓN CLARKE

VERKEFNI - HLJÓMSVEIT AKUREYRAR - 2 STARFSÁR
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Annað starfsár Hljómsveitarinnar Akureyrar:

Markmið Hljómsveitarinnar er að skapa tækifæri fyrir áhuga- og upprennandi tónlistarmenn að iðka list sína sér og öðrum til yndisauka, félagsskaps og samvinnu. Að auka möguleika áheyrenda að upplifa lifandi flutning á símfónískri tónlist og einnig kynna nýja íslenska tónlist. Þar að auki veita söngvurum, einleikurum og kórum möguleika á að flytja tónlist með símfóníuhljómsveitarundirleik.

UMSÆKJANDI: GILFÉLAGIÐ

VERKEFNI - KARNIVALA
UPPHÆÐ STYRKS 350.000 KR.

Karnivala er eins konar uppskeruhátíð listamanna sem er haldin í Listagilinu á Akureyri í júlí, við lok Listasumars. Hátíðin hefur þróast á undanförunum árum og fer sífellt stækkandi. Ýmsar uppákomur eru í boði á vegum listamanna og annarra Gilverja (félaga, rekstraraðila og íbúa í Gilinu). Má þar nefna ýmiskonar samveru t.d. málun, tónlist, dans, leik, uppákomur og markað.

UMSÆKJANDI: KJARTAN ÓLAFSSON

VERKEFNI - LÚÐURÞEY TARAR OG TRYMBILL
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Brasskvintett Norðurlands mun á vordögum 2025 heimsækja alla grunnskóla á Norðurlandi austan Vaðlaheiðar og bjóða nemendum þeirra að sækja skemmtilega uppákomu þar sem blandast saman hressilegur lúðrablástur og fræðsla. Ekki verður þó aðeins leikið á hefðbundna lúðra og trommur heldur líka ýmiskonar rör og slöngur sem vakna til lífsins í meðförum tónlistarfólksins.

UMSÆKJANDI: MBS SKÍFUR EHF.

VERKEFNI - MANNFÓLKIÐ BREYTTIST Í SLÍM 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

“Mannfólkið breyttist í slím” er óhagnaðardrifið menningarverkefni í formi fjöllistahátíðar sem nær hámarki með stórviðburði 17.-19. júlí 2025. Mannfólkið hefur breyst í slím árlega síðan 2018. Helsta markmið verkefnisins er að auðga menningarlífið norðan heiða með því að skapa sterka hefð fyrir metnaðarfullri menningardagskrá innan grasrótar og jaðarmenningar á Akureyri, skipulagðri af listafólki sumar hvert með sérstaka áherslu á frumsköpun og svæðisbundna menningu.

UMSÆKJANDI: ERLA DÓRA VOGLER

VERKEFNI - OKTÓBERFEST Í HANDVERKSBRUGGHÚSUM
UPPHÆÐ STYRKS 1.600.000 KR.

Trío Akureyrar og Ella Vala Ármannsdóttir halda fjögur októberfest í samstarfi við handverksbrugghúsin á Norðurlandi eystra: Segul 67 Brugghús, Bruggsmiðjuna Kalda, Mývatn Öl og Húsavík Öl. Fluttur verður kokteill hinnar þýsk/austurrísku októberfest-tónlistar, laga sem sungin eru á íslenskum réttarböllum og sérsaminnu nýrra októberfest laga, en milli tónlistaratriða kynna handverksbrugghúsin sína vöru, sögu og starfsemi, og selja veitingar.

UMSÆKJANDI: FLÓRA MENNINGARHÚS EHF.

VERKEFNI - RASTEL OG REYNIVIÐURINN
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Pastel og Reyniviðurinn eru eigin menningarverkefni í Menningarhúsi í Sigurhæðum, þar sem leitt er saman yngra og eldra listafólk til frumsköpunar bókverka, listaverka og til viðburðarhalds og í listsmiðjum. Sérstök áhersla er á það að veita yngra listafólki og nýjum Íslendingum tækifæri til listsköpunar og skapa vettvang til tengslamyndunar.

MENNING

UMSÆKJANDI: FÉLAG HARMONIKUUNNENDA VIÐ EYJAFJÖRÐ

VERKEFNI - RÆTUR - ALÞÝÐUMENNING FRÁ UPPHAFI TIL OKKAR TÍMA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Sýningin verður sögusýning þar sem verður, í tali og tónum, farið yfir alþýðumenningu Íslendinga frá upphafi til okkar daga. Sagt verður frá þróun afþreyingar þjóðar sem byrjar á kveðskap og hannyrðum í baðstofunni, sagt frá vikivaka sem stignir voru á vökum í kirkjum landsins og hvaða áhrif hljóðfæri eins og harmonikan hafði á alþýðumenningu þjóðarinnar með tilkomu nýrrar tegundar tónlistar og dansa.

UMSÆKJANDI: RÓT MENNINGARFÉLAG

VERKEFNI - SAMLAGIÐ SKÖPUNARVERKSTÆÐI
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Samlagið sköpunarverkstæði er metnaðarfullt félag listamanna á Akureyri sem stendur fyrir skapandi frístundanámskeiðum fyrir börn og unglunga í samstarfi við Gilfélagið í Deiglnunni í Listagilinu á Akureyri og Listasafnið. Nú þegar hefur fjöldi ungmenna sótt námskeiðin við mikla ánægju.

UMSÆKJANDI: STEINUNN ARNBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR

VERKEFNI - TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.180.000 KR.

TÓLF TÓNA KORTÉRIÐ er Norðlensk tilraunasena í tónlist búsett á Listasafninu á Akureyri. Stuttir tónleikar eru haldnir sex sinnum á ári, ávallt með frumflutningi nýrrar tónlistar, hljóðatilraunum og miklu fjöri. Tónskáld og flytjendur á svæðinu, auk lengra að kominna gesta stöku sinnum, láta þar fjölmörg ný hljóð og tónverk hljóma ár hvert. Laugardagsherlegheit og góð stemning á Listasafninu!

UMSÆKJANDI: DANIELE BASINI

VERKEFNI - TRÍÓ MÝR
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Trío Mýr flytur eigin útsetningar auk frumsaminnar tónverka sem innblásin eru af þjóðtónlist en samin í nútímalegum stíl. Tónleikarnir munu fara fram á Akureyri og í Hrísey.

UMSÆKJANDI: AMTSBÓKASAFNIÐ Á AKUREYRI

VERKEFNI - UNGSKÁLD 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.099.500 KR.

Ungskáldaverkefninu er ætlað að veita ungu fólki á aldrinum 16-25 ára á Norðurlandi eystra hvatningu og tækifæri á sviði skapandi skrifa, auka sýnileika, stækka tengslanet þeirra og auka líkur á atvinnutækifærum í ritlist. Verkefnið stendur fyrir ritlistakvöldum undir leiðsögn þekktra rithöfunda, textasmiða og handritshöfunda, og er þessi leiðsögn þátttakendum algjörlega að kostnaðarlausu. Þá stendur verkefnið einnig fyrir upplestrarkvöldi og ritlistakeppni með veglegum peningaverðlaunum.

UMSÆKJANDI: HULDUSTÍGUR EHF.

VERKEFNI - UPPSKERUHÁTÍÐ, TALES OF THE NATURE SPIRITS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Uppskeruhátíðin, Tales of the Nature Spirits, felur í sér alþjóðlegt samstarf með ráðstefnu og fjölbreyttum vinnustofum á Akureyri vorið 2025. Þar verður sjónum beint að óáþreifanlegum menningararfi á heildrænan hátt út frá heimildum okkar um álfa, huldufólk og aðra náttúruvætti, gegnum þjóðtrú og reynslu, auk þess sem áhrifum huliðsheima á skapandi greinar verða gerð góð skil. Lögð er áhersla á að tengja saman kynslóðir, fræðafólk og íbúa með ólíkan tungumála- og menningarlegan bakgrunn.

MENNING

UMSÆKJANDI: PETZ SLF.

VERKEFNI - VORSÝNING HJÁ LEIKLISTASKÓLA DRAUMALEIKHÚSSINS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Leiklistarskóli Draumaleikhússins er á sinni annarri önn vorið 2025. Markmið Draumaleikhússins er að verða vettvangur fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára, bæði aðilum í framhaldsskóla, eftir framhaldsskóla eða utan hans. Einnig fyrir aðra aldurshópa með styttri sérnámskeiðum. Markmiðið er að sýna afrakstur hvernar annar í lok hennar. Það er mikilvægt að almenningur fái að njóta afrakstursins og hluti af uppbyggingu skólans, að sýna í leiksýningu í lok annar.

UMSÆKJANDI: ANDRÝMI KVENNA, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - WOMEN'S ANDRÝMI & TRADITIONS
UPPHÆÐ STYRKS 635.950 KR.

Andrými Kvenna mun þróa áfram verkefni sitt eftir frábæran árangur þeirra vinnustofa sem haldnar voru 2024. Við höfum upplifað hvernig hópurinn okkar óx frá nafnleysi til að skapa sér orðspor fyrir fræðandi og gagnvirk námskeið. Árið 2025 ætlum við að útvíkka hugmyndina sem við höfum innleitt í 8 eða 9 námskeið sem haldin verða af meðlimum Andrými Kvenna eða gestafyrirlesurum.

UMSÆKJANDI: ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI

VERKEFNI - ÞJÓÐLAGAHÁTÍÐ Á SIGLUFIRÐI 2.-6. JÚLÍ 2025
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Árlega er haldin þjóðlagahátíð á Siglufirði sem hefur það að markmiði að kynna íslenskan þjóðlagaarf og tónlist ólíkra þjóða og þjóðarbrota. Á hátíðinni hefur margskonar tónlist verið kynnt auk þess sem íslensk þjóðlög sitja ætíð í öndvegi. Þjóðlagahátíðin stendur frá miðvikudegi til sunnudags fyrstu heilu vikuna í júlí ár hvert. Auk tónleika er boðið upp á námskeið fyrir börn og fullorðna og þjóðlagaakademía stendur í þrjá daga með fyrirlestrum um íslenskan þjóðlagaarf og tónlist annarra þjóða.

UMSÆKJANDI: ÞÓRÐUR SIGURÐARSON

VERKEFNI - LANDABLANDA
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR.

Landablanda eru tónleikar þar sem flutt er fjölbreytt þjóðlagatónlist. Efnisskráin samanstendur af úrvali þjóðlaga frá 15 löndum sem öll eru flutt á tungu síns lands. Löggin eru öll heilland á sinn hátt, en þó svo gerólík, og endurspeglu feegurðina í fjölbreytileika mismunandi menningarheima. Tónleikarnir verða haldnir á Bakkafirði, Raufarhöfn, Skútustöðum og Grenivík. Flytjendur eru Þórður Sigurðarson, Jón Þorsteinn Reynisson, Valmar Válsaots og Erla Dóra Vogler.

UMSÆKJANDI: HÆLIÐ EHF.

VERKEFNI - DU SA VEL JA? GJÖRNINGAKARNEVAL Í LYSTIGARÐI AKUREYRAR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Ævintýri á gönguför um Lystigarð Akureyrar þar sem Önnu Schiöth og annara kvenfrumkvöðla á sviði ræktunar verður minnst með fjölbreyttum og eftirminnilegum hætti. Áhorfendur munu upplifa fjölbreyttar innsetningar og gjörninga og taka þátt í nokkrum líka. Garðurinn fagri verður í aðalhlutverki og markmiðið að gera áhorfendur háða því að heimsækja hann reglulega sér til andlegra upplyftingar og yndis og komast í tengsl við náttúrarnið innra með sér.

UMSÆKJANDI: SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS SES.

VERKEFNI - BIRTUM SKAMMDEGIÐ; MENNINGAR- OG TÓNLISTARVIÐBURÐIR
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Menningar- og tónlistarviðburðir á Síldarkaffi eru fyrir íbúa nærsamfélagsins og fara fram yfir vetrarmánuðina. Fjallabyggð stendur á norðurhvara og fyrir vikið er skammdegið mörgum krefjandi, tilbreytingarlítið og erfitt. Verkefnið stuðlar að því að auka framboð að fjölbreyttum viðburðum sem allir verða án aðgangseyris og öllum opnir, með það að markmiði að auka lífsgæði íbúa nærsamfélagsins og auka tækifæri til samveru ólíkra einstaklinga.

MENNING

UMSÆKJANDI: SEMEY EHF.

VERKEFNI - FEGURÐ FJARÐA
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

„Fegurð fjarða“ er list- og fræðslusýning sem fer fram á átta stöðum við Eyjafjörð, Siglufjörð og Ólafsfjörð sumarið 2025. Verkefnið, sem inniheldur ljósmyndir Veigu Grétarsdóttur, fræðslu um mengun, og samfélagsviðburði, hefur það að markmiði að auka vitund um umhverfisvernd og ábyrgð í umgengni við haf og strönd. Sýningin er unnin í samstarfi við heimamenn, listamenn og fræðimenn og stendur frá 2. júní til 1. október 2025.

UMSÆKJANDI: HRUND HLÖÐVERSDÓTTIR

VERKEFNI - HARMONIKAN HEIÐRUÐ
UPPHÆÐ STYRKS 612.500 KR.

Stórtónleikar verða haldnir í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri 4. maí 2025 þar sem framúrskarandi listamenn frá ólíkum sviðum harmonikuleiksins munu koma saman og flytja tónlist sem spannar frá hefðbundinni danstónlist til djarfrar nútímatónlistar. Viðburðinum er ætlað að fagna fjölbreytileika hljóðfærisins og vekja athygli á mikilvægi þess í íslenskri menningararfleifð. Tónleikarnir tengjast Alþjóðadegi harmonikunnar og eru fyrstu tónleikarnir af þessari stærðargráðu sem haldnir eru á Akureyri.

UMSÆKJANDI: FJALLASALIR SES.

VERKEFNI - LISTSÝNINGAR Í PÁLSHÚSI 2025
UPPHÆÐ STYRKS 650.000 KR.

Næsta sumar verða opnaðar þrjár listasýningar í sýningarsal Pálshúss. Marsibil Sól og Salóme Hollanders opna fyrstu sýninguna en þær vinna báðar gjarnan á mörkum hönnunar og myndlistar. Í júní lok opnar sýning á verkum Helga Þorgils en hann er án efa í hópi þekktustu myndlistarmanna á Íslandi og hefur hlotið mikla og almenna viðurkenningu hér á landi. Eva Ísleifs sýnir í ágúst en verk hennar spyrja oftast en ekki mikilvægar spurningar um hvernig gildismat og verðmæti eru skilgreind í samfélaginu.

UMSÆKJANDI: HRAUN Í ÖXNARDAL EHF.

VERKEFNI - “SYSTIR GÓÐ! SÉRÐU ÞAÐ SEM ÉG SÉ?”
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

„Systir góð! Sérðu það sem ég sé?“ er óvenjuleg upplifunarsýning að Hrauni í Öxnadal, fæðingarstað Jónasar Hallgrímssonar. Gagnvirk verk miðla hljóðrænum og sjónrænum þáttum sem tengjast skáldskap Jónasar og vísindum á sviði náttúru, veðurfræði og stjörnufræði. Einstakt framlag Jónasar á sviði orðasmíði fær sérstakan sess. Verkefnið er fyrsti áfangi í frekari uppbyggingu sem miðar að því að gera Hraun að lifandi menningarsetri þar sem Jónas og verk hans verða þungamiðja upplifunarinnar.

UMSÆKJANDI: HILMA STEINARSDÓTTIR

VERKEFNI - STOFUTÓNLEIKAR Á BJARMALANDI
UPPHÆÐ STYRKS 558.100 KR.

Verkefnið Stofutónleikar á Bjarmalandi veitir íbúum Langanesbyggðar og nærsveita tækifæri til að njóta listar frá framúrskarandi tónlistarfólki. Eyðibýlið Bjarmaland á Langanesströnd fær nýtt hlutverk, sem lítið menningarsetur en þar næst fram einstaklega heimilisleg og notaleg stemning.

UMSÆKJANDI: FLYGILVINIR - TÓNLISTAFÉLAG VIÐ ÖXAFJÖRÐ

VERKEFNI - FLYGILVINIR FARA Á KOSTUM Á AFMÆLISÁRI
UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR.

Starf Flygilvina - tónlistarfélags við Öxarfjörð felst í að standa fyrir þrennum tónleikum á afmælisárinu. Verkefni ársins er ætlað að höfða til íbúa og veita þeim ánægjustundir við tónleikahald á vegum Flygilvina-tónlistarfélags við Öxarfjörð.

Fengið verður framúrskarandi tónlistarfólk til að miðla íbúum Öxarfjarðarhéraðs af list sinni. Íbúarnir geta þannig öðlast innsýn í agnarsmátt brot af þeim töfraheimi tónlistar sem stendur íbúum höfuðborgarsvæðis og stærstu þéttbýliskjarnanna til boða.

MENNING

UMSÆKJANDI: HEIMSKAUTSGERÐI Á RAUFARHÖFN

VERKEFNI - HREIÐUR DREKANS
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Í september sl. fór fram einstakur tónleikaviðburður í Heimskautsgerðinu. Með þessu verkefni verður þessum góða viðburði og samfélagsmætti búið til hreiður innan listatanka Raufarhafnar til að unga út frekara samstarfi og afþreyingu á Raufarhöfn. Drekin sem kom fram á tónleikunum mun vera þar í aðalhlutverki, myndefni frá tónleikunum verður varpað á veggj tanksins og hljóðmynd samin. Gerð verður um það bil 20 mínútna "loopa", þar sem leitast verður við að fanga anda tónleikana og samfélagsins.

UMSÆKJANDI: CASTOR MIÐLUN EHF.

VERKEFNI - JÓLADAGATAL ÚR DIMMUBORGUM - SAGNAARFUR OG ÆVINTÝRI Í SAMTÍÐ
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Castor Miðlun og Mývatnsstofa hafa hafið samstarf um framleiðslu á nýju leiknu jóladagatali um íslensku jólasveinana í Dimmuborgum. Verkefnið er tvískipt, þar sem fyrsti hluti snýst um fjármögnun, handritsgerð og undirbúning sviðsmynda og búninga. Framleiðslan mun skapa fjölbreytt störf á Norðurlandi, meðal annars í leiklist, handritsgerð og kvikmyndagerð. Sótt verður um styrki úr norrænum og evrópskum sjóðum og úr Kvikmyndasjóði Íslands. Stefnt er að því að hefja tölur veturinn 2025-2026.

UMSÆKJANDI: LEIKFÉLAG HÚSAVÍKUR

VERKEFNI - LEIKLISTASMIÐJUR LH
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Verkefnið Leiklistasmiðjur LH er viðleitni Leikfélags Húsavíkur til að ná til fólks sem vill kynna sér það skemmtilega starf sem áhugamannaleikhús býður uppá. Við munum kalla til starfa leiðbeinendur/listafólk sem ýmist býr á Norðurlandi eystra, eða hefur búið hér. Það eru fjölmörg og ólík handtökin sem þarf að inna af hendi svo sýning geti farið fram og er draumurinn sá að fjölga því fólki sem velur að verja tíma sínum í leik og starfi með áhugaleikhóp eins og Leikfélagi Húsavíkur.

UMSÆKJANDI: NICOLA CATHERINE VAN KUILENBURG

VERKEFNI - MILLI TVEGGJA HEIMA
UPPHÆÐ STYRKS 940.000 KR.

„Milli tveggja heima: jafnvægi sjálfsímyndar“ er ljósmynda- og frásagnarverkefni sem magnar raddir 6 ungmenna af erlendum uppruna. Þátttakendur eru allir fyrstu eða annarrar kynslóðar innflytjendur sem búa á starfssvæði Þekkingarnets Þingeyinga. Þeir munu tala um reynslu sína af því að lifa og alast upp með áhrifum frá tveimur (eða fleiri) menningarheimum og hvaða áhrif það hefur haft á sjálfsímynd þeirra og tilfinningu fyrir því að tilheyra (e. "Sense of belonging").

UMSÆKJANDI: RAFNAR ORRI GUNNARSSON

VERKEFNI - RAUFARHÖFN ROKKAR - HEIMILDAÞÁTTUR
UPPHÆÐ STYRKS 400.000 KR.

Heimildaðátturinn "Raufarhöfn Rokkar" verður frumsýndur í félagsheimilinu Hnitbjörgum á Raufarhöfn á Þorra 2025 og síðar í sömu viku verður hann sýndur á RÚV á undan upptöku frá tónleikum Skálmaldar. Þátturinn dregur fram líflegar sögur úr samfélaginu á þessum einstaka degi og sýnir hvernig tónleikarnir fylltu þorpið af bjartsýni og gleði. Þar er rætt við íbúa, brottflutta og gesti og áhorfendur fá að upplifa orkuna þennan einstaka dag á Raufarhöfn.

UMSÆKJANDI: KAMMERKÓR NORÐURLANDS

VERKEFNI - SEX NÝ ÍSLENSK JÓLAKÓRVERK
UPPHÆÐ STYRKS 600.000

Í Kammerkór Norðurlands heldur þrenna jólatónleika með efnisskrá sína, "Jólum mínum uni ég enn", í desember 2025. Á tónleikunum verða frumflutt sex ný íslensk kórverk sem kórinn lætur semja fyrir sig. Kórinn mun leita til þriggja tónskálda sem hann hefur verið í samstarfið við áður en mun svo leita til þriggja ungra og upprennandi tónskálda sem kórinn hefur ekki unnið með áður. Kórinn hóf þennan jólatónleika þríleik sinn á aðventunni 2023.

MENNING

UMSÆKJANDI: ÞEKINGARNET ÞINGEYINGA

VERKEFNI - ÞAU SKILJA SEM VILJA
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Þau skilja sem vilja byggir á þeirri hugmynd að allir Íslendingar geti verið íslenskukennarar með því að hvetja fólk til að taka þátt í að styðja og miðla íslensku sem öðru máli. Í verkefninu er lögð áhersla á menningarmiðlun, þjálfun og hvatningu til þess að tala íslensku við innflytjendur og fólk með annað móðurmál óháð þekkingar- og færnistigi. Verkefnið beinist að því að skapa umhverfi þar sem bæði Íslendingar og fólk af erlendum uppruna finnur sig öruggt í að nota íslensku.

UMSÆKJANDI: INGIMAR INGIMARSSON

VERKEFNI - MENNINGARFÉLAG ÞINGEYJARSVEITAR
UPPHÆÐ STYRKS 400.000 KR.

Þingeyjarsveit er landstórt sveitarfélag sem hefur orðið til úr sameiningum minni hreppa og nú síðast með sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Þessar sameiningar hafa skilið eftir sig skarð í menningarstarfsemi í sveitarfélaginu. Mörg félagasamtök hafa orðið undir í þessum sameiningum. Stofnun Menningarfélags Þingeyjarsveitar er því stór þáttur í því styrkja og ýta undir menningarlíf, samheldni og samstarf innan sveitarfélagsins og sameina menningarstarf milli allra svæða Þingeyjarsveitar.

UMSÆKJANDI: HÁSKÓLI ÍSLANDS

VERKEFNI - SKAPANDI VIÐBRÖGÐ VIÐ LOFTSLAGSÓGNUM
UPPHÆÐ STYRKS 250.000 KR.

„Skapandi viðbrögð við umhverfisógnum“ er samstarfsverkefni norrænna lista- og fræðimanna sem munu m.a. setja upp myndlistarsýningu í Listasafninu á Akureyri haustið 2025. Í tengslum við þá sýningu mun Rannsóknasetur Háskóla Íslands í Þingeyjarsveit standa fyrir viðburðum í Gíg í Mývatnssveit þar sem spjallað verður um umhverfislist og loftslagskvíða. Að auki munu tveir listamenn dvelja í gestavinnustofu á svæðinu og gefa almenningi kost á að fylgjast með sköpun umhverfislistar.

STYRKHAFAR ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI NORÐURLANDS EYSTRA 2025

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR



UMSÆKJANDI: ALPÝÐUHÚSIÐ Á SIGLUFIRÐI, FÉLAGASAMTÖK

VERKEFNI - MENNINGARSTARF Í ALPÝÐUHÚSINU Á SIGLUFIRÐI 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Alpýðuhúsið á Siglufirði hefur staðið fyrir margþættu menningarstarfi á ársgrundvelli frá 2012. Þar er starfrækt galleríð Kompan, listrænn stjórnandi er Aðalheiður S. Eysteinsdóttir. Í kompunni eru 7 - 9 sýningar á ári. Í sal hússins eru settar upp að jafnaði þrjár listahátíðir, Leysingar, Frjó og Skafl, 2024 bætist við listahátíðin INTO. Í alrými hússins er boðið til Sunnudagskaffi með skapandi fólki þar sem ýmsir aðilar úr samfélaginu kynna sín störf. Einnig eru listasmiðjur og móttaka áhugahópa.

UMSÆKJANDI: FÉLAG UM ÞJÓÐLAGASETUR BJ.ÞORST

VERKEFNI - FÉLAG UM ÞJÓÐLAGASETUR BJ.ÞORST
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Þjóðlagasetrið á Siglufirði er í Maðdömuhúsinu, elsta húsi Siglufjarðar. Í því bjó Bjarni Þorsteinsson og safnaði efni í bók sína, Íslensk þjóðlög frá 1906. Þjóðlagasetrið opnar heim íslenskra þjóðlaga fyrir gestum sínum. Þar er hægt að horfa á fólk alls staðar að af landinu á öllum aldri syngja og kveða, leika á gömul íslensk hljóðfæri og dansa þjóðdansa. Þá gefst gestum færi á að prófa að leika á langspil og íslenska fiðlu.

UMSÆKJANDI: FÉLAG UM LJÓÐASETUR ÍSLANDS

VERKEFNI - REKSTUR LJÓÐASETURS ÍSLANDS
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR.

Markmiðið með Ljóðasetri Íslands er að kynna íslenska ljóðlist fyrir innlendum sem erlendum gestum með lifandi hætti og gera komandi kynslóðir meðvitaðar um mikilvægi ljóðsins í menningu okkar og sögu. Ljóðasetrið hefur verið starfrækt síðan 2011. Það er opið yfir sumartímum en á öðrum tímum er tekið á móti hópum með fræðslu, ljóðalestri og söng og viðburðir haldnir. Á sumrin eru lifandi viðburðir kl. 16.00 alla opnunardaga. Helstu skáld landsins hafa komið fram á setrinu auk heimamanna.

UMSÆKJANDI: FRÆÐAFÉLAG UM FORYSTUFÉ

VERKEFNI - FRÆÐASETUR UM FORYSTUFÉ
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR.

Fræðasetur um forystufé er málsvari forystufjár, þar er safnað saman þeim upplýsingum sem til eru um forystufé, að tilstuðlan þess er unnið að rannsóknum á forystufé og kynningar á því.

Forystufé er einstakur stofn á heimsvísu, hvergi til annars staðar en hér á landi. Hreinræktaðir einstaklingar eru um 1.200 og er stofninn undir þeim mörkum sem kallast í útrýmingarhættu. Forystufé er ein af arfleifð þjóðarinnar og ber okkur að vernda hann.

STOFN- OG REKSTRARSTYRKIR

UMSÆKJANDI: MYNDLISTARFÉLAGIÐ

VERKEFNI - MJÓLKURBÚÐIN SALUR MYNDLISTARFÉLAGSINS
UPPHÆÐ STYRKS 900.000 KR.

Myndlistarfélagið sér um rekstur Mjólkurbúðarinnar en markmið Myndlistarfélagsins er að standa fyrir öflugum sýningahaldi í Mjólkurbúðinni í Listagilinu á Akureyri. Að kynna félagsmenn með félagasýningum, efla innra starf félagsins með uppákomum, smiðjum, listamannaspjalli og fræðslu. Stuðla að bættu tengslaneti meðal myndlistarmanna á Norðurlandi og gera þá sýnilegri. Félagið stendur fyrir þremur félagasýningum á ári en í félaginu eru nú rúmlega 80 félagsmenn.

UMSÆKJANDI: ÚTGERÐAMINJASAFNIÐ Á GRENIVÍK

VERKEFNI - ÚTGERÐAMINJASAFNIÐ Á GRENIVÍK - REKSTUR VIÐ YSTA HAF
UPPHÆÐ STYRKS 750.00 KR.

Útgerðarminjasafnið á Grenivík stendur við sjóinn og áningarstaðinn "þar sem vegurinn endar" þar sem útsýni er hvað fegurst til fjarðarmynnis. Safnið hefur verið opið í 3 mánuði á ári hálfan daginn. Safnið er hýst í 100 ára gömlum beitningaskúr, síðasta skúrnum, en honum var forðað frá glötun og fengið nýtt hlutverk. Safnið er helgað útgerðarsögu Grenivíkur sem einkenndist lengi vel af línuútgerð.

UMSÆKJANDI: HEIMSENDI - MENNINGARFÉLAG ÓSKARSSTÖÐ

VERKEFNI - ÓSKARSBRAGGI STAÐARPRÝÐI
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Síldarverbúðinni-bragganum Óskarsstöð hefur í gegnu þetta verkefni verið forðað frá þeirri glötun sem nærri lá og gert upp, enn vantar þó lítilræði á að húsið sé frágengið en því miðar vel og starfsemi er nú að taka flugið með spennandi verkefnum.

Í Óskarsstöð fer fram menningarstarfsemi, listamiðstöð, sem þjónar bæði heimamönnum og heiminum. Hentar öllum sem hafa ástríðu og neista fyrir náttúrunni, lífinu og listinni. Fólk þyrstir í að vita, læra og reyna og hér gefst kostur á því.

UMSÆKJANDI: VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI

VERKEFNI - VERKSMIÐJAN Á HJALTEYRI - DAGSKRÁ 2025
UPPHÆÐ STYRKS 1.500.000 KR.

Verksmiðjan stendur fyrir lifandi listastarfsemi með þá sérstöðu að vera hvort tveggja í senn verkefnarými þar sem að listin verður til, og um leið áhugaverður sýningarstaður. Hún gerir listafólki kleift að bæði framleiða og sýna verk í skapandi rými um leið og hún færir aftur líf í einstaka byggingu. Listin er flutt úr stað af hinum hefðbundna sýningarstað, út í náttúruna og inn í óvenjulegt hús. Það má segja að þarna renni saman: listin, öðruvísi arkitektúr, saga, samfélag og fallett umhverfi.

UMSÆKJANDI: KAKTUS, MENNINGARFÉLAG

VERKEFNI - KAKTUS MENNINGARFÉLAG
UPPHÆÐ STYRKS 608.000 KR.

Kaktus er listhópur sem rekur eigið listarými á Akureyri. Tilgangur Kaktuss er að bjóða upp á fjölbreytta menningarstarfsemi úr hinum ýmsu listgreinum og styðja við grasrót lista og menningar á Akureyri. Frá því í apríl 2015 hefur Kaktus staðið að og hýst á fimmta hundrað listviðburða af fjölbreyttum toga.

UPPBYGGING TIL FRAMTÍÐAR

Það er bæði hvetjandi og gleðilegt að sjá öll þessi metnaðarfullu verkefni sem hljóta styrk úr Uppbyggingarsjóði Sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2025. Það er áberandi hversu vel verkefnin endurspeglar fjölbreytni og fjölbreytni landshlutans. Hvert verkefni felur á sinn hátt í sér frumkvöðlahugsun, seiglu, og vilja til að efla landshlutann okkar til framtíðar.

Síðustu vikur hefur staðið yfir vinna við nýja Sóknaráætlun Norðurlands eystra 2025-2029. Hún er nú til umfjöllunar í sveitarstjórnnum landshlutans í samráðsgátt stjórnvalda. Hún verður svo í framhaldinu formlega afgreidd á aukabýgingi SSNE.

Sú framtíðarsýn þar er mörkuð byggir á fjórum meginstoðum:

Sterkum innviðum sem byggja á Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra ásamt mikilvægri hagsmunagæslu fyrir landshlutann. Fjölbreytt og framsækið *atvinnulíf* sem tekur til allra atvinnugreina, á öllum stigum frá frumkvöðlum til starfandi fyrirtækja. *Blómlegum byggðum* sem einkennast af kröftugu menningarlífi og sterkum og umburðarlyndum samfélögum, ásamt metnaðarfullri *umhverfissýn* þar sem stefnt er að því að landshlutinn verði leiðandi í umhverfis- og loftslagsmálum og öðrum til fyrirmyndar.

Ég óska styrkþegum innilega til hamingju með styrkinn og þakka öllum þeim sem hafa lagt sitt að mörkum í þessu ferli; umsækjendum, fagraðum, Úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra, og síðast en ekki síst starfsfólki SSNE.

Við vonumst til þess að þau verkefni sem fá úthlutað fjármagni úr Uppbyggingarsjóði vaxi og styrki þar með landshlutann til framtíðar.



LÁRA HALLDÓRA EIRÍKSDÓTTIR
Formaður stjórnar SSNE

UPPBYGGINGARSJÓÐUR NORÐURLANDS EYSTRA 2025



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra